



RÉTTUR DAGSINS:
KALKANDLINGUR
Í BOÐI ÚTVARPSSTJÓRA

Matreiðsla útvarpsstjóra á kostnaði við aðkeypta nýsköpun frá sjálfstæðum framleiðendum minnir dálítið á rétt sem borðaður er í Bandaríkjunum, svokallaðan TURDUCKEN. Sem gæti útlagst Kalkandlingur. Þá er kalkúnn fylltur með önd sem er fyllt með litlum kjúklingi og allt bakað við vægan hita í langan tíma. Páll Magnússon hefur borið á borð fyrir ykkur kalkún. Þegar búið er að skera burt óviðkomandi kostnað eins og talsetningu erlends barnaefnis, kemur í ljós að þið fenguð bara önd ... og þegar búið er að fara í saumana á skilgreiningum þjónustusamningsins og efndum hans kemur í ljós að til skiptanna er aumur kjúklingsræfill sem kemst fyrir á undirskál.